

Mál nr. 30/2018

**M
og**

vátryggingafélagið V v/ innbúskaskótryggingar fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna hvarfs á demanti úr hring.

Gögn.

Málskot, móttakið 23.1.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 30.1.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt tjónstilkynningu M til V mun M síðdegis 21. janúar 2018, er hún var að þrifa heima hjá sér, hafa tekið eftir því að demantur hafi verið horfinn úr hring sem hún hafi borið í 20 ár. Kveður hún gullsmíð, sem ætli að taka að sér að laga hringinn, telja að kórónan, sem haldi demantinum, hafi skemmt.

M hefur krafist bóta úr svonefndri innbúskaskótryggingu sem er einn þáttur fjölskyldutryggingar sem M hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum innbúskaskótryggingarinnar tekur vátryggingin til tjóns á vátryggðum lausafjármunum og skal tjónið eiga rætur að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks á vátryggingartímabilinu. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með neinni vissu hvernig það atvikaðist að fyrrgreind kóróna, sem átti að halda demantinum í hringnum, skemmdist með þeim afleiðingum að demanturinn glataðist. Verður því ekki fullyrt að það hafi gerst af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks eins og áskilið er svo bótaskylda stofnist úr vátryggingunni. Með því að skilyrðum bótaskyldu er ekki fullnægt að þessu leyti á M ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 13. mars 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.